

Fimmtudaginn 6. febrúar 1997.

Nr. 189/1996.

Karl Einarsson

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Glerísetningum hf.

(Magnús Thoroddsen hrl.) **og**

Guðmundi Grímssyni

(Ragnar Halldór Hall hrl.) **og**

Glerísetningar hf.

gegn

Karli Einarssyni og

Guðmundi Grímssyni

Verksamningur. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1996 og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1996. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi, en til vara stefndi Guðmundur, verði dæmdur til greiðslu á 497.472 krónum auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar, aðallega úr hendi aðaláfrýjanda, en til vara úr hendi stefnda, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur Grímsson krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi.

I.

Ágreiningslaust er með aðilum, að stefndi Guðmundur hafi orðað það við Magnús Ármannsson, forsvarsmann gagnáfrýjanda, að hann gerði tilboð í verk það, sem mál þetta fjallar um, að Laugavegi 61–63 í Reykjavík. Einnig er ágreiningslaust með gagnáfrýjanda og stefnda Guðmundi, að gagnáfrýjandi hafi sagst geta unnið verkið í tímavinnu, stefndi Guðmundur hafi borið það undir aðaláfrýjanda

og flutt gagnáfrýjanda þau boð, að aðaláfrýjandi samþykkti það. Tók gagnáfrýjandi verkið að sér í þeirri trú, að það væri fyrir aðaláfrýjanda og að stefndi hefði komið fram fyrir hans hönd. Stefndi telur sig hafa haft heimild aðaláfrýjanda til þessarar skuldbindingar, en aðaláfrýjandi neitar því, að stefndi hafi haft þetta umboð.

II.

Aðaláfrýjandi er húsasmíðameistari og reisti húsið Laugaveg 61–63 árið 1984. Keypti hann gler frá Íspan hf. og setti í húsið. Fékk hann sjálfur í sinn hlut íbúðir í húsinu, sem hann seldi. Móða kom á milli glerrúðna, og kröfðust eigendur úrbóta. Málið var rætt á húsfélagsfundi 9. júlí 1992 og aftur 29. júní 1994. Þá var gerð bókun sú, sem greind er í niðurstöðu héraðsdóms.

Aðaláfrýjandi gerði húseigendum grein fyrir því, að glerið væri gallað og í ábyrgð framleiðandans, Íspans hf., og að hann sjálfur væri ekki ábyrgur, en ísetning glersins væri gallalaus. Hann hafði þó samband við stefnda Guðmund, starfsmann Íspans hf., og sagði honum frá kvörtunum húseigenda og ítrekaði síðar kvartanirnar við hann. Loks fóru þeir saman á staðinn, og tók stefndi mál af hinu gallaða gleri og kvaðst myndu framleiða nýtt, enda viðurkenndi Íspan hf. gallann og ábyrgð sína. Bað aðaláfrýjandi stefnda Guðmund „að koma þessu máli bara út úr heiminum, ekkert annað“. Samkvæmt framburði stefnda Guðmundar um þennan sama fund sagði aðaláfrýjandi á leiðinni af vettvangi, að ekkert vit væri í því, að hann léti menn sína setja glerið í, af því að þarna væru erfiðar aðstæður og hvorki hann né menn hans væru með þau tæki og tól, sem til þyrfti. Aðaláfrýjandi hafi spurt, hvort ekki væru einhverjir menn á þeirra vegum, sem væru í glerísetningu svo til eingöngu. Úr þessu hafi orðið, að stefndi talaði við forsvarsmann gagnáfrýjanda, Magnús Ármannsson, og fékk hann til að gera tilboð í verkið.

III.

Ábyrgðarskilmálar Íspans hf. voru prentaðir á reikninga fyrirtækisins. Þar kom skýrt fram, að ábyrgð félagsins á gleri stæði í 10 ár og væri einungis fólgin í afhendingu nýs glers í stað gallaðs. Aðaláfrýjanda hlaut að vera fullkunnugt um þessa skilmála og að Íspan hf. bæri samkvæmt þeim ekki ábyrgð á kostnaði vegna ísetningar glersins. Í ljósi þessa verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi

í samtölum sínum við stefnda gefið hinum síðarnefnda fulla ástæðu til að ætla, að viðræður hans og samningar við sérkunnáttumann á sviði glerisetningar um þetta sérstaka verk væru gerðir í umboði aðaláfrýjanda. Verður því fallist á með héraðsdómi, að stefndi Guðmundur hafi haft umboð aðaláfrýjanda og ekki farið út fyrir það. Verður aðaláfrýjandi því dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kröfu hans ásamt vöxtum, eins og krafist er, enda hefur reikningi hans ekki verið tölulega andmælt. Verður stefndi Guðmundur af þessum sökum sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum málalokum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir. Rétt er, að stefndi Guðmundur beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Stefndi Guðmundur Grímsson er sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Glerisetninga hf. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Karl Einarsson, greiði gagnáfrýjanda, Glerisetningum hf., 497.472 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til greiðsludags og 230.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Valgerði Erlingsdóttur, kt. 040258-3379, Efstakoti 8, Bessastaðahreppi, stjórnarformanni f. h. Glerisetninga hf., kt. 600594-2739, Efstakoti 8, Álftanesi, 225 Bessastaðahreppi, aðallega gegn Karli Einarssyni húsasmíðameistara, kt. 240628-5469, Hrauntungu 58, Kópavogi, en til vara gegn Guðmundi Grímssyni framkvæmdastjóra, kt. 300755-5779, Þinghólsbraut 63, Kópavogi, með stefnu, birtri 6. júní 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi Karl Einarsson, en til vara stefndi Guðmundur Grímsson, verði dæmdur til greiðslu á 497.472 krónum auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til greiðsludags, þannig, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1996. Þá krefst stefnandi málskostnaðar, aðal-

lega úr henda stefnda Karls, en til vara úr hendi stefnda Guðmundar, samkvæmt málskostnaðarreikningi, sbr. 3. tl. 129. gr. laga nr. 91/1991, að frádregnum virðisaukaskatti.

Dómkröfur aðalstefnda, Karls Einarssonar, eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Dómkröfur varastefnda, Guðmundar Grímssonar, eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram um aðdraganda þessa máls, að í byrjun september 1994 hafi Magnús Ármannsson, smiður og framkvæmdastjóri stefnanda, verið staddur í fyrirtækinu Íspan hf. að Smiðjuvegi 7 í Kópavogi. Hafi þá varastefndi, Guðmundur Grímsson, framkvæmdastjóri Íspans hf., komið að máli við sig og óskað eftir því fyrir aðalstefnda, Karl Einarsson, að stefnandi gerði tilboð í að skipta um gler í þakgluggum og á 3. og 4. hæð byggingarinnar nr. 61–63 við Laugaveg í Reykjavík, en aðalstefndi er húsasmíðameistari byggingarinnar. Glerið, sem var frá Íspan hf., hafi reynst gallað, en hafi þá enn verið í ábyrgð framleiðanda.

Eftir að hafa skoðað aðstæður á vettvangi, kveðst Magnús hafa hafnað að gera tilboð í verkið, en tjáð sig tilbúinn að vinna það í tímavinnu. Nokkrum dögum seinna hafi varastefndi, Guðmundur Grímsson, aftur haft samband við Magnús Ármannsson og tjáð honum, að aðalstefnandi, Karl Einarsson, væri því samþykkur, að verkið yrði unnið í tímavinnu, og hafi stefnandi tekið til starfa um miðjan september 1994.

Um það bil viku síðar kveðst Magnús Ármannsson hafa haft samband við aðalstefnda, Karl Einarsson, í síma og tjáð honum, að verkið væri hafið. Hafi aðalstefndi látið vel yfir því og óskað, að verkið yrði hespað af. Hafi það verið gert.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að í verk þetta hafi farið 326 klst. á 1.250 kr. á klst., sem geri 407.500 kr., en þar við bætist 10.000 kr. vegna pallaleigu og síðan 24,5% virðisaukaskattur, er samtals geri 519.787 kr. Aðalstefnda hafi verið sendur reikningur fyrir verkið, dags. 23. nóvember 1994, en hann hafi með bréfi 9. desember 1994 endursent reikninginn og talið sér óskýlt að greiða hann, þar eð verkið hefði ekki verið unnið á ábyrgð fyrirtækis hans, Karls Einarssonar sf. Stefnandi hafi þá reynt að innheimta reikninginn hjá varastefnda, Guðmundi Grímssyni, en hann hafi einnig vís- að reikningnum frá sér.

Stefnandi staðhæfir, að hann hafi eigi fengið reikning þennan greiddan

nema 22.315 kr., er Jón og Óskar, úra- og skartgripaverslun, hafi greitt 24. maí 1995 í samræmi við eignarhlutdeild (21%) fyrirtækisins í sameign hússins nr. 61–63 við Laugaveg. Allir aðrir eigendur hússins hafi neitað greiðslu.

Aðalstefnda og varastefnda greinir mjög á um málsatvik. Aðalstefndi kveður málavexti vera þá, að hann sé húsasmíðameistari að byggingunni að Laugavegi 61–63. Fyrir þremur árum hafi komið í ljós, að gler í þakgluggum byggingarinnar var gallað. Glerið hafi þá verið í ábyrgð framleiðanda þess, Íspans hf. Hafi eigendur fasteignarinnar kvartað við hann vegna þessa galla, en hann þá gert þeim grein fyrir því, að hann væri ekki ábyrgur gagnvart þeim vegna þessa, þar sem um væri að ræða galla í glerinu, en ísetning þess væri gallalaus. Kveðst hann hafa haft samband við varastefnda af þessu tilefni, upplýst hann um kvartanir eigenda og að glerið væri í ábyrgð og Íspan hf. yrði að ganga frá þessu vandamáli gagnvart eigendum eignarinnar. Varastefndi hafi þá tjáð sér, að ljóst væri, að Íspan hf. bæri ábyrgðina og skipt yrði um gler.

Aðalstefndi segir, að Magnús Ármannsson hafi síðar haft samband við hann símleiðis og spurt, hvort menn á vegum aðalstefnda, sem nú væru að vinna við húsið að Laugavegi 61–63, væru að fara að vinna við glerið í húsinu. Aðalstefndi kveðst hafa svarað því til, að þar væri ekki um sína menn að ræða, en engu að síður menn á sínum vegum. Það væru blikksmiðir að vinna við lóðningu á blikki á þaki hússins, en ekki, að menn á sínum vegum ynnu við glerið. Aðalstefndi staðhæfir, að þá hafi Magnús Ármannsson sagt við sig, að hann hefði verið fenginn til að vinna við að skipta um gler og þegar hafist handa um framkvæmdir við þakglugga hússins. Um annað kveður aðalstefndi ekki hafa verið rétt í þessu símtali, og ekki hafi hann haft nein önnur samskipti við Magnús Ármannsson né stefnanda. Aðalstefndi segist hafa tekið þeim tíðindum fagnandi, að skipt yrði um gler, en með því hefði hann haldið, að Íspan hf. væri að efna óskir eigenda hússins.

Af hálfu Guðmundar Grímssonar, varastefnda í máli þessu, eru málavextir reifaðir þannig: Íspan hf., Smiðjuvegi 7, Kópavogi, rekur glerverk-smiðju í Kópavogi. Félagið er fjölskyldufyrirtæki, og á Guðmundur lítinn hlut í því og starfar sem framleiðslustjóri þess. Íspan hf. selur einangrunargler, og eru ábyrgðarskilmálar á framleiðslunni, sem fyrirtækið hefur gefið út, mun viðtækari en almennt gilda samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922. Guðmundur Grímsson kannast við það, að aðalstefndi, Karl Einarsson, hafi haft samband við sig sem starfsmann Íspans hf. og kvartað um galla í gleri að Laugavegi 61–63. Kveðst hann hafa farið með honum og skoðað glerið, og hafi niðurstaðan orðið sú, að gallar á glerinu

féllu undir ábyrgðarskilmálana, og myndi Íspan hf. leggja til nýtt gler samkvæmt ábyrgðarskilmálunum. Guðmundur segir, að þá hafi Karl beðið sig um að benda sér á vana menn til að annast glerskiptin. Hafi hann bent á Magnús Ármannsson og jafnframt tekið að sér að ræða um þetta við Magnús og koma á sambandi milli Magnúsar og Karls Einarssonar.

II.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið fenginn til að vinna það verk, er hér um ræðir, og ekki verið fundið að verkinu né reikningi sínum fyrir það. Staðhæft er af hálfu stefnanda, að varastefndi, Guðmundur, hafi beðið um, að verk þetta yrði unnið fyrir aðalstefnda, Karl, og hafi hann komið þannig fram gagnvart Magnúsi Ármannssyni, framkvæmdastjóra stefnanda, eins og hann hefði umboð aðalstefnda til að falast eftir verktaka. Þá er því haldið fram, að sannist það, að varastefndi hafi haft umboð aðalstefnda til að biðja um verkið, beri aðalstefnda að greiða, en sannist það hins vegar ekki, hvíli greiðsluskylda á varastefnda sjálfum sem verkbeiðanda, enda sé ekkert réttarsamband á milli stefnanda og hinna einstöku eigenda hússins að Laugavegi 61–63, þar sem eigi hafi verið beðið um verkið á þeirra vegum.

Um lagarök er vísað til II. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 25. gr. Kröfu um málskostnað kveðst hann reisa á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um dráttarvexti á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 12. og 15. gr.

III.

Aðalstefndi staðhæfir, að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli sín og stefnanda, og beri því að sýkna sig af kröfum stefnanda um greiðslu kröfunnar. Hann rökstyður það með eftirfarandi hætti: Guðmundur Grímsson, varastefndi í málinu, hafði ekkert umboð frá honum til þess að semja um framkvæmdir við glerskipti á umræddri fasteign. Það kom aldrei til tals, að aðalstefndi fæli varastefnda að sjá um mál fyrir sína hönd. Hann kveðst hafa lýst yfir, að hann bæri ekki ábyrgð á galla glersins og ætti þess vegna ekki að bera kostnað af því. Hann segir ranglega staðhæft í stefnu, að varastefndi hafi beðið stefnanda um, að verkið yrði unnið fyrir aðalstefnda. En hefði hann ætlað að axla ábyrgð á því að skipta um gler, kveðst aðalstefndi einfaldlega sjálfur hafa unnið verkið sem húsasmíðameistari og byggingaraðili hússins. Í því falli hefði hann ekki þurft á öðrum að halda til að vinna þetta verk og þaðan af síður á sérstökum umboðsmanni til að semja á þessu sviði fyrir sína hönd. Hann segir, að um það leyti, sem verkið var hafið, hafi Magnús Ármannsson, framkvæmdastjóri stefnanda, haft samband við sig símleiðis, án þess að Magnús nefndi í því símtali, að verkið væri unnið fyrir

aðalstefnda, eins og hann teldi, að um hefði samist við varastefnda, Guðmund Grímsson, í umboði aðalstefnda. Öllu heldur hafi hann ekki getað dregið aðra ályktun af orðum Magnúsar en þá, að verkið væri unnið á vegum Íspans hf. Annað hafi ekki farið á milli sín og stefnanda, fyrr en sér hafi borist reikningur frá stefnanda, dags. 23. 11. 1994, að fjárhæð 519.787 krónur, þar sem sér sé gert að greiða kostnað við glerskiptin. Aðalstefndi kveðst þegar hafa hafnað greiðslu og endursent stefnanda reikninginn ásamt bréfi þess efnis, að sér bæri ekki að greiða hann.

Um lagarök kveðst aðalstefnandi vísa „til almennra meginreglna íslensks réttar á sviði samninga- og kauparéttar og meginreglna kröfuréttar. Þessar meginreglur fá m. a. stoð í samningalögum nr. 7/1936“. Kröfu um málskostnað kveðst hann styðja við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988.

IV.

Varastefndi kveðst vera að ófyrirsynju dreginn inn í þetta mál, því að bæði Magnúsi Ármannssyni og aðalstefnda hafi verið ljóst, að afskipti sín af viðskiptum þeirra tengdust starfi sínu hjá Íspan hf. og verksviði sínu þar, og væri um einhverja ábyrgð á umræddum verksamningi vegna afskipta sinna að ræða, sem hann telur raunar ekki vera, hlytu kröfur vegna þess að eiga að beinast að Íspan hf., en ekki að sér persónulega.

Varastefndi mótmælir því að hafa við kvörtun aðalstefnda vegna gallans í glerinu að Laugavegi 61–63 talið rétt, að Íspan hf. greiddi allan kostnað við glerskiptin. Varastefndi segir, að aðalstefnda, Karli Einarssyni, hafi á hinn bóginn verið ljóst vegna margra ára viðskipta við Íspan hf., að ábyrgðarskilmálar félagsins lögðu einungis þá skyldu á félagið í þessu falli að leggja til nýtt gler, sem og hafi verið gert. Kostnaður við glerskipti hafi ekki verið á ábyrgð Íspans hf., og það hafi aðalstefndi vitað.

Varastefndi kannast við að hafa komið á sambandi milli Magnúsar Ármannssonar og aðalstefnda, þar sem aðalstefndi hafi beðið sig um að benda sér á vana menn til að annast glerskiptin. Vegna stöðu sinnar og starfa hjá glerverksmiðju, segir varastefndi, að margsinnis hafi verið leitað til sín um ábendingu um iðnaðarmenn til að skipta um gler. Hafi hann talið það eðlilega þjónustu við viðskiptamenn að svara slíkum fyrirspurnum og oft bent á Magnús til slíkra verka. Þetta hafi hann gert án sérstakrar þóknunar fyrir meðalgöngu.

Varastefndi staðhæfir, að Magnús Ármannsson hafi um árabíl verið viðskiptamaður Íspans hf. og gjörþekkt þá skilmála, sem um ábyrgð þess fyrirtekis gilda um galla í framleiðslu þess. Hann hafi, eins og áður segir, margt oft bent á Magnús, þegar hann hafi verið beðinn að vísa á hæfan mann til

að skipta um gler. Hann kveðst aldrei fyrr en nú hafa orðið þess var, að Magnús teldi, að hann eða Íspan hf. bæru sjálfkrafa ábyrgð á greiðslu til hans vegna slíkra verka. Hann tekur fram, að sér hafi á hinn bóginn ekki verið kunnugt um, að Magnús væri starfsmaður hjá stefnanda, Glerisetningum hf., og kveðst ekki kannast við að hafa nokkru sinni haft milligöngu um samningsgerð við það fyrirtæki.

V.

Karl Einarsson, aðalstefndi í þessu máli, kom fyrir dóm 29. janúar sl. Hann bar, að afskipti sín af skiptingu glers að Laugavegi 61–63 vegna galla hafi einungis verið þau að koma þeim upplýsingum á framfæri við framleiðanda glersins, Íspan hf., að glerið væri gallað og það væri mál félagsins að kippa því í lag vegna ábyrgðar félagsins á framleiðslu sinni. Hann hafnaði því með öllu að hafa með einhverjum hætti gefið Guðmundi Grímssyni, varastefnda í þessu máli, í skyn, að hann myndi bera kostnað, sem leiddi af ráðningu verktaka til að skipta um gler, enda hefði hann allt eins getað séð um það sjálfur, hefði hann borið ábyrgð á verkinu. Hann staðhæfði, að ekki hefði komið til tals í það eina skipti, sem hann átti orðastað við Magnús S. Ármannsson, framkvæmdastjóra stefnanda, að hann bæri kostnað af verkinu.

Magnús S. Ármannsson bar fyrir rétti, að Guðmundur Grímsson, varastefndi, hefði beðið sig að vinna það verk, sem krafist er greiðslu fyrir í máli þessu, og hefði Guðmundur tjáð sig biðja um verkið fyrir aðalstefnda, Karl Einarsson; ekkert hefði verið minnst á Íspan í því sambandi. Fyrst hafi verið óskað eftir, að hann gerði tilboð í verkið, en hann hafnað því að athuguðu máli, en jafnframt lýst sig tilbúinn að vinna verkið í tímavinnu. Nokkru síðar hafi Guðmundur tilkynnt sér, að samþykkt væri, að verkið yrði unnið í tímavinnu. Aðspurður kvaðst hann einu sinni hafa haft samband við Karl Einarsson, hringt í hann og tilkynnt honum, að hann væri búinn með um 40% af verkinu, og spurt hann, hvort hann vildi koma og líta á verkið. En Karl hafi hafnað því og einungis sagt sér að drífa verkið áfram. Ekkert hafi verið rætt um, að Karl myndi greiða fyrir verkið. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa talið ástæðu til að snúa sér beint til Karls um samningsgerðina og fyrirkomulag verksins, vegna þess að hann hefði verið búinn að vinna svo mörg verkefni að tilmælum Guðmundar, þar sem fólk hafði samband við Guðmund, og aldrei verið neinir annmarkar á því áður. Er hann var spurður, hvert verið hefði viðhorf húseigenda að Laugavegi 61–63, að því er honum hefði virst, til uppgjörs verksins, svaraði hann, að „Jón og Óskar“ hefðu tjáð sig andviga deilum og borgað sinn prósentuhluta. Að öðru leyti hefðu húseigendur bent á Karl um greiðslur á þeim grundvelli að þeirra sögn,

að Karl hefði lofað þeim, að þetta yrði ekkert vandamál, hann myndi sjá um það.

Guðmundur Grímsson gaf aðilaskýrslu. Hann sagði m. a., að íbúðareigandi að Laugavegi 61–63 hefði kvartað undan glerinu og hann litið á það. Ekki hefði orðið meira úr því, en rúmu ári síðar hefði Karl Einarsson haft samband við sig út af glerinu. Kveðst hann hafa farið á staðinn með Karli og hitt þar fyrir íbúa, glerið í húsinu verið skoðað og hann skrifað hjá sér málin á því gleri, sem dæmt var skemmt. Á leiðinni til baka hafi Karl haft á orði, að það væri ekkert vit í því, að hann léti sína menn setja glerið í, af því að aðstæður væru svo erfiðar þarna og hvorki hann né hans menn væru með þau tæki og tól, sem þyrfti til þess að skipta um rúðurnar. Hafi Karl síðan spurt sig, hvort ekki væru einhverjir menn á vegum Íspans í glerisetningu, eingöngu eða nær eingöngu, er þá ættu þau verkfæri, sem þyrfti. Kveðst hann hafa játað þessu og komið í hug Magnús Ármannsson. Hafi svo orðið úr, að hann talaði við Magnús til að fá hann til að gera tilboð í verkið. Einhverjum dögum síðar hafi Karl komið upp í Íspan og þá tjáð sér, að hann væri búinn að tala við Magnús og hann ekki treyst sér til að gera tilboð í verkið vegna erfiðra aðstæðna á verkstað. Væri því ógerningur að reikna út þann tíma, sem færi í verkið. Hafi Karl þá sagst skilja það, því að aðstæður væru mjög sérstakar þarna. Um það spurður kvað varastefndi, að Karl hefði aldrei tjáð sér, hvers vegna hann væri að skipta sér af þessu máli, en á hinn bóginn verið sér ljóst, að það hafi verið að beiðni Karls, sem farið var í að láta skipta um rúður.

Nú er ljóst, að þeir, sem höfðu beinan hag af verki stefnanda að Laugavegi 61–63, voru eigendur hússins á þeim tíma, er verkinu lauk. Á fundi í húsfélaginu miðvikudaginn 29. júní 1994 er m. a. bókað: „Rætt um ísetningu glers og viðgerð á þaki. Fundurinn samþ. að fá skriflega staðfestingu frá Karli Einarssyni byggingameistara, að hann láti skipta um gler og geri við þak hússins og komi í veg fyrir leka, enn fremur, að hann staðfesti, að verkinu ljúki eigi síðar en 30. ágúst 1994, og að hann greiði kostnað verksins.“ Af þessari fundargerð verður ekki annað ráðið en það, að þeir, sem að henni stóðu, hafi talið sig eiga hönk upp í bakið á byggingameistararum á þessum tíma. Ber því að sínu leyti saman við framburð stefnanda, að húseigendur hafi tjáð honum, að Karl hafi lofað þeim að sjá um uppgjör verksins. Frásögn varastefnda, Guðmundar Grímssonar, af aðdraganda þess, að stefnandi var ráðinn til verksins, þykir því trúverðugri en sú staðhæfing Karls, aðalstefnda þessa máls, að hann hafi ekki látið í ljós við Guðmund ósk um, að hann benti á menn til verksins. Verður aðalstefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 497.472 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði seg-

ir, enda eru ekki bornar brigður á reikningsfjárhæð stefnanda sérstaklega. Þar sem aðalstefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda, verður vara-stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum er rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Karl Einarsson, greiði stefnanda, Glerísetningum hf., 497.472 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð, frá því að dómur þessi er kveðinn upp til greiðsludags. Varastefndi, Guðmundur Grímsson, er sýkn af öllum kröfum stefnanda. Málskostnaður er ekki dæmdur.
